

Matjurtagarðar til leigu vorið 2009
Framboð – verð og þjónusta

Sveitarfélög	Staður (hvar)	Leigugjald 2009	Stærð garðlands	Garðhýsi ?
Akranes	í Innstavigi	700/1400	50 fm/100 fm	Nei
Akureyri ¹⁾	Gróðrarstöðin við Krókeyri	6000/10000	15 fm og 30 fm	Nei
Borgarbyggð ²⁾	Gróðrarstöðin Gleymérei	3500/5000	15 fm/30 fm	Eftir samkomulagi
Landbúnaðarháskóli Íslands ³⁾	v/loðdýrahúsin á Hvanneyri	1000/1900/3500	25 fm/50 fm/100 fm	Nei
Garðabær ⁴⁾	v/Álftanesveg og í Hæðahverfi	2600	12.5 fm/25 fm/100 fm	Nei
Hafnafjörður ⁵⁾	Vatnshlíð	750	40 fm	Nei
Hornafjörður	Hafnarbraut á mót v/Norðurbragð	1500/3000	50 fm/100 fm	Nei
Hveragerði ⁶⁾	Laugarskarð v/ sundlaugina	1000/1500/2000	10 fm/20 fm/40 fm	Nei
Ísafjarðarbær	v/Flateyri og Ísafjörð	2000	30 fm	Nei
Kópavogur	Fossvogsdal	1600/3200	25 fm/50 fm	Nei
Mosfellsbær ⁷⁾	Skarhólamýri	3000	100 fm	Nei
Mosskógur	Mosfellsdalur	6000	100 fm	Nei
Reykjavík ⁸⁾	Skammadal	4400	100 fm/ 20 fm	Já, 5200 kr.
Vestmannaeyjar ⁹⁾	Suður í ey	0		Nei

- 1) Akureyri: 60 kálplöntur og 40 útsæðiskartöflur fylgja með 15 fm.görðunum. 120 kálplöntur og 80 útsæðiskartöflur fylgja 30 fm. görðunum.
- 2) Borgarbyggð: Matjurtagarðarnir í Borgarnesi eru í samvinnu við Gróðrarstöðina Gleymérei og er ráðgjöf á staðnum.
- 3) Landbúnaðarháskóli Íslands býður svo uppá garðlönd á Hvanneyri og sækja þarf um garðana hjá skólanum.
- 4) Garðabær: 100 fm. garðlönd við Álftanesveg og eru ætlaðir aðallega undir kartöflurækt en í Hæðahverfi eru fjölskyldugarðar sem eru 12,5 eða 25 fm. og þar er leiðbeinandi á staðnum eftir hádegi og snyrting og lán á garðverkfærum fylgir.
- 5) Hafnafjörður: Hægt er að fá tvo garða á meðan pláss leyfir. Fyrri leigjendur ganga fyrir en allir bæjarbúar geta sótt um eftir 10 maí.
- 6) Hveragerði: Laust til umsóknar til 10. maí
- 7) Mosfellsbær: Gert er ráð fyrir að garðar verði afhentir um 20. maí. Ef ásókn er mikil er möguleiki að bæta við görðum hjá skólagörðum Mosfellsbæjar. Einnig er samkomulag um að teknir séu frá garðar fyrir Mosfellsbæinga í Garðlöndum Reykjavíkurborgar í Skammadal, en sækja þarf um þá garða hjá Reykjavíkurborg.
- 8) Reykjavík: Ekki eru til fleiri lóðir fyrir garðhýsi en tilkynna þarf eigendaskipti til Reykjavíkurborgar ef sala á garðhýsi fer fram. Einnig stendur til að leigja út 20 fm. garða í skólagörðunum þegar búið er að skrá skólabörnin, en ekki er búið að ákveða leiguverð. Skráning til 23. maí og svo verður úthlutað af biðlista.
- 9) Vestmannaeyjar: Sækja þarf um leyfi hjá skrifstofu sveitarfélagsins en engin leigugjöld eru tekin.